

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Spretts 23.11.2019

Dagskrá:

- 1. Skýrsla stjórnar**
- 2. Afgreiðsla reikninga félagsins.**
- 3. Kjósa stjórn skv. 6.gr. félagsins**
- 4. Ákveða árgjald**
- 5. Kynntur árangur í kynbótasýningum, verlaunaafhending á árshátíð Spretts.**
- 6. Önnur mál.**

Ársskýrsla Hrossaræktarfélags Spretts 17.11.2019-23.11.2019

Aðalfundur var haldinn í Samskipahöllinni 17.11.2019. 15 mann mættu á fundinn. Hannes Hjartarson setti fundinn, Kristinn Hugason var kjörinn fundarritari. Hannes flutti skýrslu stjórnar og fór yfir reikninga sem samþykktir voru samhljóða.

Stjórnarkjör: Hannes Hjartarson í aðalstjórn og Guðjón Árnason í varastjórn skyldu ganga úr stjórn en voru endurkjörnir til 3ja ára. Gunnar Már Þórðarson sagði sig úr stjórn en hann hafði setið frá 2016, í stað hans var kjörinn Hermann Arason. Fyrir sátu í aðalstjórn Kristinn Hugason frá 2017 og Sveinn Gaukur Jónsson frá 2016. Í varastjórn Guðjón Tómasson frá 2017. Endurskoðendur voru kjörnir Hjalti Halldórsson og Hilmar Sæmundsson.

Árgjald: Eftir talsverðar umræður var samþykkt óbreytt árgjald 2000 kr. M.a. rætt um mögulega einföldun á skráningu í H.S. þegar fólk í hrossarækt skráir sig í Hestamannfélagið Spretts- haka við þann valmöguleika. En þess skal getið að allar upplýsingar um H.S. liggja fyrir á heimasíðu Spretts. Þessari beiðni var vísað á framkvæmdastjóra Spretts.

Næst var kynntur árangur ræktenda á árinu en verðlaun voru veitt á árhátíð Spretts sama kvöld í Samskipahöllinni. Samtals sýndu félagsmenn 48 hross í kynbótadómi, 34 hryssur og 14 stóðhesta með góðum árangri.

Eftu hross í 4 flokkum hryssna og hesta voru eftirfarandi:

4.v. hryssur 2018 Vök frá Valstrýtu IS2014280716 AE: 8.05- Rækt: Guðjón Árnason

5.v. hryssur 2018 Fjara frá Horni IS2013277270 AE: 8.33. Rækt: Daníel Jónsson/Ómar Antonsson

6.v. hryssur 2018 Lukka frá Efsta-Seli IS2012286645 AE: 8.54. Rækt: Daníel Jónsson/Hilmar Sæm.

7.v. og eldri hryssur 2018 Fía frá Efsta-Seli IS2010286796 AE: 8.49. Rækt: Daníel Jóns/Hilmar Sæm.

4.v. hestar 2018 Sólmyrkvi frá Hárlaugstöðum IS2014186282 AE: 7.89. Rækt: Ketill Björnsson

5.v. hestar 2018 Spaði frá Barkastöðum IS2013180711 AE: 8.55. Rækt: Sveinbjörn Sveinbjörnsson

6.v. hestar 2018 Barón frá Eystra-Fróðholti IS2012186180 AE: 8.04. Rækt: Ársæll Jónsson

7.v. og eldri hestar 2018 Kolskeggur frá Kjarnholtum IS2008188560 AE: 8.77. Rækt: Magnús Einarsson.

Ræktunarmaður ársins 2018 var kjörinn Magnús Einarsson Kjarnholtum 1, fyrir ræktun sína á stóðhestinum Kolskegg frá Kjarnholtum IS2008188560 sem fékk í aðaleinkunn 8.77.

Ræktunarbú ársins 2018. Samtals sýndu 12 bú tilskilin fjölda til að taka þátt. 3 bú voru tilnefnd til verðlauna en það voru: Efsta –Sel, Kjarnholt 1 og Vesturkot. Kjarnholt 1 (Magnús Einarsson) var valið ræktunarbú ársins með meðaleinkunn sýndra hrossa 8.63.

Finnur Ingólfsson í Vesturkoti hlaut heiðursviðurkenningu fyrir ræktun sína á Spuna frá Vesturkoti en s.l sumar á landmóti í Reykjavík stóð hann efstur heiðursverðlaunahesta með afkvæmum og hlaut Sleipnisbikarinn.

Ræktunardagur Hrossaræktarfélags Spretts í Samskipahöllinni 9.febr. 2019.

Forskoðun kynbótahrssa í umsjá Kristins Hugason fv. landsráðunautar í hrossarækt. Aðsóknin aldrei verið meiri og stóð frá kl 8 til að verða kl 15. Mætt var með samtals 33 hross, 30 hryssur og 3 stóðhesta. Langflest úr Spretti en einnig úr Sörla og Fáki. Það hefur sýnt sig á undanförunum að Kristins hefur oft reynst sannspár þótt hollningin á hrossunum sé eðlilega talsvert önnur á þessum tíma en að vori eða sumri. Samtals var 17 hryssum spáð yfir 8,00.

Efstu forspá í hvorum flokki fengu :

Hryssur:

- | | | |
|------|------------------------------------|---|
| 1. | IS2012280614 Fjöður f. Strönd | Rækt: Ásta Snorradóttir , einkunn 8,36 |
| 2. | IS2014281842 Arðsemi f. Kelduholti | Rækt: Siurður Helgi Ólafsson einkunn 8,31 |
| 3-5. | IS2014280690 Styrjöld f. Hrístjörn | Rækt: Axel Geirsson einkunn: 8,25 |
| 3-5. | IS2013281026 Kolfinna f. Nátthaga | Rækt: Brynja Viðarsdóttir einkunn 8,25 |
| 3-5. | IS2011285751 Eldborg f. Eyjarhólum | Rækt: Magnús Benediktsson einkunn 8,25 |

Hestar:

- | | | |
|----|-----------------------------------|---|
| 1. | IS2015184171 Eðall f. Fornusöndum | Rækt: Finnbogi Geirsson einkunn 8,48 |
| 2. | IS2015180326 Fengur f Traðarlandi | Rækt: Ríkhartur F Jenssen einkunn 8,16 |
| 3. | IS2015137845 Reykur f. Hólakoti | Rækt: Helena Ríkey Leifsd. einkunn 8,03 |

Í hádegishléi hélt Olil Amble frábæran fyrirlestur um hrossarækt og fleira. Fundargestir hefðu gjarnan viljað að hún hefði fengið tvöfalt lengri tíma. Talsverður fjöldi mætti á fundinn og var boðið uppá ókeypis veitingar.

Vísindaferð.

Boðið var uppá spennandi ferð þann 16.mars m.a. á Hestheima og Sumarliðabæ auk hefðbundins hádegisverðar á Hellu auk leynistaðar á heimleið en ekki reyndist næg þátttaka fyrir ferðinni sem var því aflýst.

Unghrossakeppni:

Boðið var uppá unghrossakeppni 1.maí. Einungis barst 1 skráning var því keppnin felld niður.

Kynbótasýningar og ræktunarbú.

Alls voru sýndar 33 hryssur og 14 stóðhestar ú ræktun félagsmanna. 11 ræktunarbú sýndu 2 hross eða fleiri sem er viðmið til verðlaunaafhendingar fyrir ræktunarbú ársins. Sjá nánar lista yfir árangur.

Félagsmenn eru nú 81 flestir líka í Hestamannafélaginu Spretti þótt það sé eigi skilyrði.

Ársreikningur 01.01.2018-31.12.2018

Rekstraryfirlit:

Tekjur:

Félagsgjöld	154.671
Tekjur af forskoðun	25.000
Innvextir	337
Samtals:	180.008.

Gjöld:

Innheimtugjöld Arion banka	23.250.
Kostnaður v. myndbands ÓPN	60.000.
Ísspor bikar og áletranir	26.800.
Fjármagnstekjuskattur	74.
Samtals:	110.124.

Rekstrarhagnaður: 69.884.

Efnahagsreikningur:

Reikn: Arion banki 0324-26-6101	31.12.2019	638.771.
Eigið fé í upphafi reikningsárs		568.887.

